



Umferðaröryggisáætlun 2016-2020 Sandgerðisbær

Júlí 2016

þekkingarleit -ar kví

1 að af 100% eftirkvíta, það ad

vilja vinna með ófyrirvara e-ut

að fyrirvara með ófyrirvara

þekkingarleit með ófyrirvara

fróðleiksáætlun með ófyrirvara

árangur árarráðun með ófyrirvara

niðurstaða, það sem ófyrirvara hafa

(hera, gefa) góðan árangur > aðeins > árangur

þróttum 2 / árferði **virðing** -ar, -ar kvík 1 mat, óf

að metu til verðs 2 álit, heiður • það að virða > njo

virðingar / sýna e-m virðingu / bera virðingu fyrir e-u eð

e-m **for|skot** HK 1 frestur 2 forhlau, sá munur sem keppandi

það er með ófyrirvara fram yfir keppinauta sína þegar hann fær t.d. að byrja fyr

það er með ófyrirvara tekist að komast fram úr þeim > 100 metra forskot / 100

metra forskot / hafa gott forskot vera fremstur > hafa yfirburði 3 þa





16111

S:\2016\16111\v\Greinagerð\16111_Greinargerð.docx

Júlí 2016

| Nr. útg. | Dagsetning | Unnið | Yfirfarið | Samþykkt |
|----------|------------|--------|-----------|----------|
| 1 | 09.06.2016 | SJ/KEP | HMA | SJ |
| 2 | 06.07.2016 | SJ/KEP | HMA | SJ |



Efnisyfirlit

| | | |
|----------|--|-----------|
| 1 | Inngangur | 3 |
| 1.1 | Samráðshópur | 3 |
| 1.2 | Verkferli | 4 |
| 2 | Slysagreining | 5 |
| 3 | Stöðumat | 9 |
| 3.1 | Skólaleiðir | 9 |
| 3.2 | Skóla- og leikskólasvæði | 10 |
| 3.3 | Fræðsla | 11 |
| 3.4 | Göngustígar og gangbrautir | 12 |
| 3.5 | 30 km svæði | 13 |
| 3.6 | Sandgerðisvegur | 14 |
| 3.7 | Önnur gatnamót | 15 |
| 4 | Stefna og markmið | 17 |
| 4.1 | Á landsvísu | 17 |
| 4.2 | Aðalskipulag Sandgerðis | 17 |
| 4.3 | Stefna og markmið umferðaröryggisáætlunar Sandgerðis 2016-2020 | 17 |
| 4.3.1 | <i>Aðalmarkmið</i> | 17 |
| 4.3.2 | <i>Önnur markmið</i> | 18 |
| 5 | Framkvæmdalisti | 19 |
| 6 | Niðurstöður | 21 |
| 7 | Heimildir | 22 |
| 8 | Viðhengi | 23 |



1

Inngangur

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar samþykkti við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2016-2019 að unnin skyldi umferðaröryggisáætlun fyrir bæjarfélagið. Umsjón verksins var á vegum umhverfis- og byggingasviðs sem fékk VSÓ Ráðgjöf til aðstoðar. Vinna við gerð áætlunarinnar fór fram á tímabilinu janúar til júní 2016.

Markmið með gerð umferðaröryggisáætlana er að auka vitund forráðamanna og sveitarfélaga og íbúa um umferðaröryggi. Samráðshópur er skipaður með fulltrúum hagsmunaaðila umferðaröryggis og auglýst eftir ábendingum frá íbúum. Með þessu móti fær rödd allra að heyrast og lagt upp með að hagsmunir allra séu teknir með.

Samráðshópurinn var sammála um að leggja sérstaka áherslu á að bæta umferðaröryggi við skólasvæðið og á leiðum skólabarna sem og að bregðast við hraðakstri.

Undanfarin ár hefur Samgöngustofa hvatt sveitarfélög til að gera áætlanir um umferðaröryggismál. Vegagerðin, Samgöngustofa og verkfræðistofan Mannvit hafa tekið saman leiðbeiningar um gerð umferðaröryggisáætlana sveitarfélaga.

Áætluninni er skipt upp í sex meginkafla. Fyrsti kafli lýsir skipun samráðshóps og verkferlinu, annar kafli greinir slys undanfarinna ára og þriðji kafli greinir stöðu umferðaröryggis í bænum út frá vettvangsferð, umræðum samráðshóps og ábendingum. Út frá þeiri vinnu var hægt að móta stefnu og markmið sveitarfélagsins í umferðaröryggismálum og er þeim lýst í fjórða kafla. Helsti afrakstur vinnunnar er gerð verkefnaáætlunar þar sem mótuð voru verkefni er talin eru geta bætt umferðaröryggi sveitarfélagsins. Verkefnunum er forgangsraðað og er áætlunina að finna í fimmtra kafla. Að lokum eru dregnar saman niðurstöður í sjötta kafla.

Einar Friðrik Brynjarsson
Umhverfis- og tæknifulltrúi

1.1

Samráðshópur

Samráðshópur var myndaður með helstu hagsmunaaðilum umferðaröryggis hjá sveitarfélagini, eins og lagt er til í leiðbeiningum um gerð umferðaröryggisáætlana. Aðilar í samráðshóp eru taldir upp í töflu 1.1.

Tafla 1.1: Fulltrúar í samráðshóp

| | |
|--|--|
| Ása Ingibjörg Sigurbjörnsdóttir | Fulltrúi frá leikskólanum Sólborg |
| Einar Friðrik Brynjarsson | Umhverfis- og tæknifulltrúi |
| Fanney D. Halldórsdóttir, síðar Elín Yngvadóttir | Skólastjóri Grunnskólans í Sandgerði |
| Jón Ben Einarsson | Skipulags- og byggingafulltrúi |
| Katrín Halldórsdóttir | Fulltrúi frá Vegagerðinni |
| Kolbrún Guðný Þorsteinsdóttir | Fulltrúi frá Samgöngustofu |
| Kristján Freyr Geirsson | Fulltrúi frá Lögreglunni á Suðurnesjum |
| Ólafur Gunnlaugsson | Fulltrúi eldri borgara |
| Ragnheiður Einarsdóttir | Fulltrúi frá Strætó bs. |
| Rut Sigurðardóttir | Forvarnarfulltrúi |
| Kristjana Erna Pálsdóttir | Ráðgjafi frá VSÓ Ráðgjöf |
| Svanhildur Jónsdóttir | Ráðgjafi frá VSÓ Ráðgjöf |



Á fundi samráðshóps þann 9. mars 2016 mættu allir aðilar hópsins fyrir utan fulltrúa frá Strætó bs. en fulltrúinn hafði sent inn ábendingar frá Strætó bs. fyrir fundinn. Allir aðilar í samráðshóp fengu áætlunina til yfirlestrrar.

1.2

Verkferli

| Tímabil | Aðgerðir |
|-----------------------|--|
| Janúar - febrúar 2016 | Samráðshópur skipaður. |
| Febrúar 2016 | Ábendingum íbúa sem höfðu borist bæjarfélaginu undanfarin ár safnað saman. Gögnum um slys safnað saman og vettvangsskoðun. |
| Mars 2016 | Fundur hjá samráðshóp. |
| Mars 2016 | Auglýst eftir ábendingum frá íbúum í Víkurfréttum og á heimasiðu Sandgerðis. |
| Maí 2016 | Fundur með umhverfis- og tæknifulltrúa Sandgerðis. |
| Júní 2016 | Umferðaröryggisáætlun send til yfirlestrar hjá samráðshóp. |
| Júní 2016 | Umferðaröryggisáætlun kynnt fyrir bæjarráði Sandgerðis. |
| Júlí 2016 | Útgáfa umferðaröryggisáætlunar. |

Við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar skal taka tillit til umferðaröryggisáætlunar. Áætlað er að umferðaröryggisáætlun sé endurnýjuð eftir fjögur ár. Fram að þeim tíma verði ábendingum sem berast sveitarféluginu varðandi umferðaröryggi safnað saman og þær skoðaðar. Jafnframt verði unnið að þeim úrbótum sem lagðar eru fram í þessari umferðaröryggisáætlun. Gert er ráð fyrir því að haldinn verði fundur með samráðshóp tveimur árum eftir útgáfu umferðaröryggisáætlunar, þar sem farið verður yfir verkefnastöðu og nýjar ábendingar.




2


Slysagreining

Tekin voru saman gögn frá Samgöngustofu um tilkynnt umferðaróhöpp í umdæminu fyrir árin 2011-2015, að báðum árum meðtöldum. Í þessari greiningu er bæði talað um heildarfjölða óhappa, hvort sem meiðsl urðu á fólk eða ekki, ásamt því að fjallað er nánar um slys á fólk. Óhöpp án meiðsla eru óhöpp þar sem einungis hefur orðið eignartjón. Slys eru óhöpp þar fólk hefur hlotið meiðsli og eru þau flokkuð nánar í slys með alvarlegum meiðslum og slys með litlum meiðslum.


Á mynd 2.1 er heildarfjöldi allra óhappa sýndur á korti. Óhöppin eru litagreind eftir alvarleika þeirra.



Alls voru 55 óhöpp (með og án meiðsla) í Sandgerði á könnunartímabilinu, og þá eru óhöpp á flugvallarsvæðinu ekki talin með. Þróun í fjölda óhappa má sjá á mynd 2.2. Þar sést að fjöldi óhappa er breytilegur, frá 8 óhöppum á ári upp í 15 óhöpp. Þetta eru mjög fá óhöpp og erfitt að geta til um þróunina á þeim út frá þessum tölu en hægt er að segja að um sé að ræða að meðaltali 11 óhöpp á ári.




Slys með meiðslum voru skoðuð sérstaklega og eru staðsetningar sýndar á mynd 2.3. Þjóðvegur liggur gegnum þéttbýlið og þar fer um mikil umferð, þar á meðal umferð gangandi og hjólandi vegfarenda. Tvö alvarleg slys urðu í þéttbýlinu á könnunartímabilinu, bæði við fall af bifhjóli. Önnur tvö alvarleg slys urðu á Sandgerðisvegi við gatnamót að Rockville, annað var útafkeyrsla og hitt framúrakstur. Á íbúðargötum bæjarins eru flest óhöppin án meiðsla.





Af 55 óhöppum voru 18 með meiðslum, eða 33%. Á mynd 2.4 sést þróun slysa með meiðslum á könnunartímabilinu. Á árunum 2012 og 2013 voru slys með meiðslum talsvert fleiri heldur en árin 2011, 2014 og 2015.





Slys á óvörðum vegfarendum voru einnig skoðuð sérstaklega, sjá mynd 2.5, og er þar um að ræða tvö slys, bæði með litlum meiðslum. Annað gerðist á Suðurgötu þegar ekið var á barn á hjóli og hitt á Garðskagavegi þegar ekið var á gangandi vegfaranda á leið þvert yfir akbraut.





Skoðuð voru þau óhöpp sem gerðust á þjóðvegum í nálægð við Garð og Sandgerði. Sjá má á mynd 2.6 að tölvert fleiri óhöpp verða á þjóðvegunum heldur en í íbúðargötunum. Þegar skoðaðar voru tegundir óhappa á þjóðvegum var útafakstur algengastur, en á mynd 2.7 má sjá þá staði þar sem tilkynnt hefur verið um útafakstur á þjóðvegunum.





3 Stöðumat

Lagt var mat á umferðaröryggi sveitarfélagsins út frá vettvangsskoðun, umræðum samráðshóps og ábendingum frá íbúum. Út frá stöðumati og slysagreiningu var hægt að setja ákveðin svæði í forgang og móta verkefni er miða að bættu umferðaröryggi bæjarins.

3.1 Skólaleiðir

Nemendur 3. og 7. bekk Grunnskólans í Sandgerði voru beðnir um að merkja inn á kort leið sína til og frá skóla. Mynd 3.1 tekur þær niðurstöður saman og sýnir hvaða leiðir eru farnar. Merkt voru inn hættusvæði samkvæmt slysagreiningu en það eru staðir þar sem slys hafa verið tilkynnt á árunum 2011-2015. Með þessu móti er hægt að leggja mat á hvar skólabörn geta mögulega verið í hættu á leið sinni til og frá skóla.




Mynd 3.1 Skólaleiðir (rauðar brotalínur) nemenda 3. og 7. bekk Grunnskólans í Sandgerði. Svæði þar sem slys hafa orðið eru merkt inn með bláum hringjum.

Nemendur voru einnig spurðir með hvaða hætti þeir komu til skóla þennan morgun, þ.e. með bíl, gangandi eða hjólandi, og hvernig þau kæmu oftast í skólann. Niðurstöður þess má sjá á mynd 3.2 og 3.3. Hafa ber í huga að daginn sem könnunin var gerð, 16. febrúar 2016, var slæmt veður og komu langflestir með bíl þann dag.




Þegar börnini voru spurð hvernig þau kæmu oftast í skólann voru niðurstöðurnar aðrar, en öllu jöfnu fara fleiri fótgangandi heldur en með bíl til skóla. Í 7. bekk hökuðu 9 nemendur í fleiri en einn möguleika við spurningunni „hvernig ferðu oftast í skólann“. Í 3. bekk sögðu alls 7 nemendur að þeim væri keyrt til skóla en gangi sjálfir heim.

Hvernig fórstu í skólann í morgun?



Mynd 3.2 Svör nemenda við spurningunni „Hvernig fórstu í skólann í morgun?“

Hvernig ferðu oftast í skólann?



Mynd 3.3 Svör nemenda við spurningunni „Hvernig ferðu oftast í skólann?“

3.2

Skóla- og leikskólasvæði

Gangbrautir á leiðum skólabarna þurfa að vera öruggar og vel upplýstar. Grunur er um hraðakstur við skólasvæðið.

Skólasvæðið er á horni Sandgerðisvegs og Suðurgötu. Mikil umræða hefur verið um útfærslu sleppistæðis á Sandgerðisvegi og þarf að bæta þar úr. Tryggja þarf að börnini



gangi yfir gangbraut. Hraðakstur og akstur þungra bíla fer um Sandgerðisveg og gæti hætta skapast við að börn fari út á götuna þar sem götulýsing er ófullnægjandi. Það er því mikið forgangsmál að bæta þar úr.

Tryggja þarf örugga þverun að íþróttasvæði sunnan Sandgerðisvegar. Gangbrautir með miðeyju eru á Sandgerðisvegi, við sinn hvorn endann á skólanum. Þegar útfærsla sleppistæðis verður skoðuð þarf að skoða þveranir um leið.

Á Suðurgötu við skólasvæði eru þrjár gangbrautir á 130 metra kafla, sjá mynd 3.4, en samkvæmt leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gönguþveranir er best að hafa fáar og öruggar gönguþveranir.

Við gangbraut fyrir miðju, númer 2 á myndinni, koma skólabörnin út á gangbrautina eftir göngustíg sem liggur milli húsa. Hátt grindverk skyggir á göngustíginn og er því erfitt að sjá börnin í tíma. Hér þyrfti að bæta sýn ökumanna og gangandi. Einnig var rætt á samráðsfundi að setja svokölluð vængjahlið á þennan stíg áður en komið er að gangbrautinni til að koma í veg fyrir að komið sé á miklum hraða út á gangbrautina. Ef sett er upp vængjahlið þarf að ganga úr skugga um að lýsing sé góð svo hliðið komi ekki hjólandi vegfarendum að óvörum.

Á bílastæði meðfram Suðurgötu við skólann á að vera einstefna, það er þó ekki alltaf virt. Merkja þarf það bílastæði betur.

Á samráðsfundi var rætt um aðgengi að leikskólanum Sólborg efri. Þar er bílum lagt upp á gangstéttar þegar verið er að fara með og sækja börn í leikskólann. Skipulag bílastæðis, betri merkingar og möguleg fjölgun bílastæða er talið hafa góð áhrif.

3.3

Fræðsla

Samgöngustofa heldur úti vefsíðunni www.umferd.is, þar sem skólastjórnendur geta sótt ýmsan fróðleik um umferðaröryggi skólabarna. Einnig er hægt að sækja gátlista fyrir skólaferðir til að tryggja að umferðaröryggið sé sett á oddinn í slíkum ferðum. Gott er að nýta ýmsa viðburði til að efla umferðaröryggi og jafnframt heilsu, t.d. árlegan hjóladag.

Tíðrætt var um það á samráðsfundi að endurskinsmerkjanotkun barna hafi farið minnkandi og þarf að hvetja börn til að nota slík merki. Fullorðnir eiga að vera fyrirmyn dir barna og vera með endurskinsmerki sjálfir. Hægt væri að hafa fyrilestur fyrir börnin um mikilvægi notkun endurskinsmerkja og mögulega sýna myndband sem Umferðarstofa vann fyrir nokkrum árum um endurskinsmerki.

Í Grunnskólanum í Sandgerði fá yngri nemendur umferðarfræðslu sem hluta af samfélagsfræðinámi sínu. Farið er eftir markmiðum Aðalnámsskrár, námsefni frá námsgagnastofnun og umferðarstofu er nýtt við kennsluna auk margvíslegs ítarefnis m.a. af veraldarvefnum. Gott samband er við Grundaskóla á Akranesi sem er móðurskóli umferðafræðslu á Íslandi. Yngri nemendur fara út í vettvangsferðir, taka þátt í umferðargetraun o.fl. Lögreglan kemur reglulega í heimsókn, Kiwanis félagið gefur reiðhjólahjálma og umferðafræðsla fléttast víða inn í skólastarfið með samþættingu við aðrar námsgreinar. Eftir því sem nemendur eldast minnkar formleg umferðarfræðsla en hún er þó áfram samofin öðrum greinum þar sem allir taka þátt í umferðinni af einhverjum toga á hverjum degi.



Mynd 3.4 Gønguþveranir í Suðurgötu við skólasvæðið. 3 þveranir á 130m.



Í leikskólanum Sólborg er á vorin lögð áhersla á að börnin hjóli á gangstéttum og noti hjálma þegar þau hjóla. Á veturna er lögð áhersla á notkun endurskinsmerkja. Fyrir elstu börnin er skipulagt samstarf við Umferðarskólann.

Samgöngustofa og Landsbjörg með stuðningi nokkurra tryggingafélaga leggja fyrir könnun á öryggi barna í bílum annað hvert ár. Sandgerði hefur ekki verið með í því úrtaki en lagt var til á samráðsfundi að bæta Sandgerði við könnun ársins 2017.

3.4

Göngustígar og gangbrautir

Yfirlit yfir staðsetningar núverandi gangbrauta sést á mynd 3.5. Gangbrautir eru merktar með rauðum lit.



Mynd 3.5 Staðsetningar núverandi gangbrauta í Sandgerði. Gangbrautnar eru merktar rauðum lit.

Minnst hefur verið á að göngustígar séu illa hirtir yfir sumartímann og halda má betur utan um lýsingu á stígum. Lögð var áhersla á það á samráðsfundi að göngustígar og gangbrautir væru vel upplýstar. Sjónlengdir við göngupveranir eru stundum ófullnægjandi t.d. vegna grindverks eða bíla sem leggja óvarlega.



Leiksvæði er í enda botnlanga Hjallagötu. Göngustíkur er frá leiksvæðinu milli húsa út á Oddnyýjarbraut. Sýn ökumanna og gangandi vegfarenda er slæm á þessum stað vegna grindverks og lýsing er ekki næg. Hér mætti vekja betri athygli á gangandi vegfarendum með betri lýsingu og mögulega lækka girðingu. Einnig væri hægt að láta göngustíginn koma út á gangbraut með gangbrautarskilti sem myndi vekja ökumenn til umhugsunar.

Samskonar vandamál er á tveimur stöðum í Túngötu en þar kemur stígur milli húsa út á götuna og er þar einnig hátt grindverk. Hér mætti einnig vekja betri athygli á gangandi vegfarendum og bæta sjónlengdir þeirra og ökumanna.

Mikil umferð þungra bíla fer um Strandgötu. Gangstíkur meðfram Strandgötu endar við Slökkvistöðina og vantartengingu þaðan að Sandgerðisvegi.

Til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda milli Garðs og Sandgerðis á Garðskagavegi þyrfti að útbúa göngu- og hjólastíg eða breikka út vegaxlir og setja á þær hjólarein.

3.5

30 km svæði


Í dag er 30 km/klst hámarkshraði á öllum íbúðargötum en 50 km/klst hámarkshraði á Sandgerðisvegi, Strandgötu, Garðskagavegi og Byggðavegi.

Á mynd 3.6 sést hvar 30 km/klst hámarkshraði er í dag.

Afmarka mætti betur upphaf og endi 30 km svæðisins, en dæmi um slíka afmörkun má sjá á mynd 3.7. Á sumum íbúðargötum í bænum er hraðahindrur eða yfirborðsmerkt gangbraut við gatnamót þar sem svokallað 30 km svæði byrjar en stundum aðeins 30 km skilti.

Íbúðargöturnar eru nokkuð breiðar og langar sem ýtir undir hraðakstur. Þó það séu hraðatakmarkandi aðgerðir í íbúðargötunum, t.d. hraðahindranir og gangbrautir, eru hraðahindranirnar sumar hverjar úr sér gengnar og mætti endurbæta. Gangbrautarskilti eiga að vera við yfirborðsmerktar gangbrautir en þau vantart við einstaka gangbrautir.

Þar sem 30 svæði byrjar og endar er mælt með góðri afmörkun eins og sést á mynd 3.7 og til að halda 30 km/klst hraða er mælt með að hafa hraðatakmarkandi aðgerðir með reglulegu millibili, t.d. þrengingar, hlykkir á götu og hraðahindranir.



Mynd 3.6 Götur með 30 km/klst merktar með bláum línum.



Grunur er um hraðakstur en gott væri að geta staðfest þann grun með hraðamælingum. Umræða var á samráðsfundi um kaup á umferðar- og hraðagreini, mögulega með sveitarfélagini Garði. Hægt væri að nota greininn til að áætla umferðarmagn á götum, hlutfall þungra bíla og umferðarhraða. Þar með væri betur hægt að forgangsraða aðgerðum eftir niðurstöðum greinisins. Einnig var umræða um að setja upp hraðavaraskilti sem mælir hraða og blikkar ökumenn sem keyra of hratt. Slíkt skilti væri hægt að setja upp á götum þar sem erfitt er að ná niður hraða með hefðbundnum aðgerðum. Skiltið gæti verið hreyfanlegt.



Mynd 3.7 Dæmi um 30 km hlið. Mynd: Reykjavíkurborg, 2006.

3.6 Sandgerðisvegur

Kvartað hefur verið undan slæmri lýsingu á gatnamótum Sandgerðisvegar og Miðnesheiðarvegar. Á mynd 3.8 sjást umrædd gatnamót en þau eru staðsett í tæplega 4 km fjarlægð í austur frá Sandgerði.

Skoða þarf breiddir á vegöxlum á Sandgerðisvegi sem og á Garðskagavegi milli Garðs og Sandgerðis. Til að vegirnir uppfylli öryggiskröfur þyrfi að breikka út vegaxlir.

Meirihluti slysanna á Sandgerðisvegi verða við útafakstur og orsök þeirra oftast vegna veðurs, t.d. ísingar eða hálku. Sandgerðisvegur er nokkuð beinn sem getur ýtt undir hraðakstur. Hraðamyndavéluum var komið fyrir á veginum árið 2008.

Hámarkshraði á Sandgerðisvegi er 90 km/klst. Þegar komið er að þéttbýlinu Sandgerði er skilti sem sýnir hámarkshraða 50 km/klst en hraðinn er ekki tekinn fyrst niður í 70 km/klst. Mælt er með því að taka hraðann fyrst niður í 70 km/klst og setja upp þéttbýlishlið til að hægja á bílum sem keyra inn í Sandgerði.



Mynd 3.8 Gatnamót Sandgerðisvegar og Miðnesheiðarvegar

Útfærsla á þéttbýlishliði samkvæmt leiðbeiningum Vegagerðarinnar er í viðhengi og á mynd 3.9 sést dæmi um slíka útfærslu. Þegar veglýsing er ekki næg má ekki notast við kantsteina í miðeyju, dæmi um útfærslu við slíkar aðstæður má sjá á mynd 3.10.



Mynd 3.9 Þéttbýlishlið með miðeyju. Myndin tekin af Google Maps.



Mynd 3.10 Þéttbýlishlið án miðeyju. Myndin tekin af Google Maps.

Frá þéttbýlisskilti að fyrstu gönguþveruninni í bænum eru u.þ.b. 770 m. Engin hraðatakmarkandi aðgerð er þar á milli. Varað er við gönguþveruninni með skilti 200 m áður og í þveruninni er miðeyja sem dregur úr því að tekið sé fram úr við hana. Þar sem vegurinn er mjög beinn á þessum kafla er líklegt að umferðarhraðinn fari yfir 50 km/klst.

Á mynd 3.11 er vegalengdin á milli gönguþverunarinnar og þéttbýlis skiltisins sýnd með blárrí línu.

Gatnamót Sandgerðisvegs við Byggðaveg eru sýnd með rauðum hring. Óskað hefur verið eftir hringtorgi á þeim gatnamótum. Það gæti dregið úr hraða þegar komið er inn í bæinn, en sökum þess að þungir bílar fara þarna um þarf að gefa því sérstakan gaum við hönnun hringtorgs á þessum stað. Einnig hefur verið óskað eftir aðrein á Sandgerðisveg þar sem beygt er inn á Byggðaveg, slík aðgerð kemur þó ekki til með að draga úr hraða.

Á Byggðavegi er einnig grunur um hraðakstur. Vegurinn er innanbæjarvegur, hann er hlykkjóttur í laginu og á honum myndast hálka á veturna. Þar er 50 km/klst hámarkshraði en grunur er um hraðari akstur á veginum. Setja þarf upp skilti sem sýna leyfðan hámarkshraða.

Ábending barst frá skolabörnum um að þeim þyki gatnamót Sandgerðisvegar, Suðurgötu og Stafnesvegar hættuleg. Þetta eru krossgatnamót. Gönguljós er á einum armi gatnamótanna og á hinum örmunum eru yfirborðsmerktar gangbrautir, það vantart hinsvegar gangbrautarskilti við gangbraut yfir Stafnesveg. Hringtorg myndi ekki henta á þessum stað vegna umferðar þunga bíla sem þar fara um.

Önnur gatnamót

Gatnamót Vesturgötu, Austurgötu, Suðurgötu og Víkurbrautar eru nokkuð breið og erfitt að átta sig á lögun þeirra. Slys varð þar með minniháttar meiðslum árið 2013. Þörf er úrbótum á Strandgötu en farið hefur verið í úrbætur á henni að hluta og eftir er 3. áfangi þeirra framkvæmda.

Á gatnamótum Garðskagavegs, Tjarnargötu, Strandgötu og Vitatorgs gæti hringtorg hentað betur. Gatnamótin eru mjög breið og ruglingsleg.



Mynd 3.11 Sandgerðisvegur. Bláa línan sýnir fjarlægð frá þéttbýlisskilti að fyrstu gönguþveruninni við bæinn, alls 770 m. Rauður hrungur táknað gatnamót við Byggðaveg.

3.7

Önnur gatnamót

Gatnamót Vesturgötu, Austurgötu, Suðurgötu og Víkurbrautar eru nokkuð breið og erfitt að átta sig á lögun þeirra. Slys varð þar með minniháttar meiðslum árið 2013. Þörf er úrbótum á Strandgötu en farið hefur verið í úrbætur á henni að hluta og eftir er 3. áfangi þeirra framkvæmda.

Á gatnamótum Garðskagavegs, Tjarnargötu, Strandgötu og Vitatorgs gæti hringtorg hentað betur. Gatnamótin eru mjög breið og ruglingsleg.



Í skipulagi bæjarfélagsins er gert ráð fyrir hringtorgi á gatnamótum Austurgötu og Hlíðargötu. Í dag eru þar krossgatnamót. Blindhorn myndast þar vegna grindverks.

Kvartað hefur verið undan gatnamótum Oddnýjarbrautar og Hólagötu. Á Oddnýjarbraut er stöðvunarskylda og kvartað er yfir að hún sé ekki virt. Sjónlengdir frá Oddnýjargötu til vinstri að Hólagötu eru ekki fullnægjandi. Bæta þarf sýn ökumanna þar. Mögulega væri hægt að setja upp spegil á Hólagötu. Einnig þyrfti að mæla hraða við gatnamótin og bregðast við ef hraðinn er of mikill þar, t.d. með hraðahindrun. Sjá mynd 3.12.



Mynd 3.12 Horft frá stöðvunarskyldu á Oddnýjarbraut út á Hólagötu, sýn ökumanna til vinstri er ábótavant.



4 Stefna og markmið

Á landsvísu eru markmið í umferðaröryggismálum sem horfa verður til við gerð nýrra áætlana. Einnig hafa sveitarfélögin markað sér stefnu í sínu aðalskipulagi. Farið verður stuttlega hér á eftir í gildandi markmið og stefnur á landvísu og í aðalskipulagi Sandgerðis. Þessi markmið ásamt vinnu við gerð áætlunarinnar og áherslur samráðshóps lögðu grunn að stefnu og markmiðum þessarar áætlunar og er þeim lýst í kafla 4.3.

4.1 Á landsvísu

Í gildandi Samgönguáætlun 2011-2022 er áætlað að meta áhrif þess að taka upp svokallaða „núllsýn“ sem er umferðaröryggisstefna sem miðar að því að koma fjölda banaslysa niður í núll. Þar er lagt til að stjórnvöld rannsaki áhrif þess að taka upp stefnuna, kosti og galla m.t.t. forgangsröðunar verkefna, kostnaðar og hönnunarreglna. Einnig er í drögum að greinagerð með tillögum samgönguráðs fyrir Samgönguáætlun 2015-2026 fjallað um núllsýn. Þar er lagt til að meginmarkmið Umferðaröryggisáætlunar 2015-2026 verði að rannsaka frekar kosti og galla þess að taka upp stefnuna.

Að auki kemur fram í Samgönguáætlun 2011-2022 að í samvinnu við sveitarfélög verði unnin áætlun um sjálfbærar samgöngur þar sem aukin áhersla er á almennings-samgöngur, göngu og hjóreiðar. Markmið þessara áætlana er að draga úr umhverfisáhrifum, samgöngukostnaði og auka nærbjónustu við borgarana.

4.2 Aðalskipulag Sandgerðis

Markmið í aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024 er snúa að umferðaröryggi eru að stuðla að öruggu samgöngukerfi og að bæta og auka öryggi aðkomu þjóðvega inn í bæinn.

Unnið hefur verið að gatna- og stígagerð innan þéttbýlisins og lögð hefur verið áhersla á öruggar gönguleiðir.

Stefna Sandgerðis er að götumynd bæjarins sé auðlesin og að skýr skil séu milli umferðarbrauta og innra gatnakerfis. Draga skal úr umferðarhraða umferðargatna sem liggja gegnum þéttbýlið með viðeigandi hraðatakmarkandi aðgerðum. Leitast skal við að hækja á og takmarka umferð þungaflutningabíla innan þéttbýlisins með tilliti til umferðaröryggis og hljóðvistar.

4.3 Stefna og markmið umferðaröryggisáætlunar Sandgerðis 2016-2020

Í sérstökum forgangi verður skólasvæðið á horni Suðurgötu og Sandgerðisvegar sem og skólaleiðir barna. Grunur er um hraðakstur bæði á þjóðveginum í gegnum þéttbýlið og á íbúðargötum og verður að bregðast við því. Slys með meiðslum eru ekki mörg í þéttbýlinu en vonast er til að fækka þeim enn frekar.

Þau markmið sem sett eru fram með þessari umferðaröryggisáætlun eru hér fyrir neðan. Þegar umferðaröryggisáætlun verður endurskoðuð næst verður árangur þessara markmiða metin.

4.3.1 Aðalmarkmið

- ▶ Fækka slysum með alvarlegum meiðslum.
- ▶ Minnka hraðakstur í þéttbýlinu.

Markmiðin er hægt að mæla með því að skoða tölfraði umferðarslysa í kjölfar aðgerða og með því að mæla hraða fyrir og eftir framkvæmd hraðatakmarkandi aðgerða.



4.3.2 Önnur markmið

- ▶ Tryggja skólaleiðir barna.
- ▶ Fækka slysum með litlum meiðslum.
- ▶ Athuga notkun öryggisbúnaðar barna í bílum.
- ▶ Fleiri með virkum ferðamáta til skóla og vinnu.
- ▶ Könnun tvísvar sinnum á ári í skólum varðandi val á ferðamáta til skóla.

Markmiðin er hægt að mæla með því að skoða tölfraði umferðarslysa í kjölfar aðgerða og gera aftur könnun um ferðamáta til skóla eins og gert var fyrir þessa áætlun.



5 Framkvæmdalisti

Verkefni voru mótuð út frá ábendingum og stöðumati. Þau voru gróflega kostnaðarmetin og þeim forgangsraðað þannig að það verkefni sem þótti brýnast er sett í forgang 1 o.s.frv. Forgangsverkefnin eru alls 16 og eru í töflu 5.1 hér að neðan. Önnur verkefni sem voru nefnd við gerð áætlunarinnar en ekki sett í forgang eru í töflu 5.2.

Hafa skal í huga að kostnaðaráætlunin er gróf og aðeins til viðmiðunar.

Tafla 5.2: Forgangsverkefni

| Forgangur | Verkefnislýsing | Kostnaðaráætlun |
|-----------|---|---------------------------|
| 1 | Uppsetning vængjahliðs á gangbraut milli Suðurgötu 36 og 38. Taka af girðingu til að bæta sjónlengdir (girðing er á einkalóð). | 500.000 – 600.000 |
| 2 | Sleppistæði á Sandgerðisvegi. Hönnun og framkvæmd. U.p.b. 150 m ² af malbiki. | 5.500.000- 6.000.000 |
| 3 | Kaup á umferðargreini til hraðamælinga. Keyptur með Garði. | 600.000 – 700.000 |
| 4 | Skoða hraða og umferðarmagn bíla í götunni Breiðholi og aðferðir til að ná niður hraða. | 500.000 – 600.000 |
| 5 | Uppsetning þéttbýlishliðs á Sandgerðisvegi samkvæmt leiðbeiningum Vegagerðarinnar. | 2.200.000- 2.500.000 |
| 6 | Uppsetning 70 km hámarkshraðaskiltis 200-500m á undan þéttbýlisskilti/hliði. | 60.000- 70.000 |
| 7 | Uppsetning malbikaðrar hraðahindrunar milli gönguþverunar og þéttbýlisskiltis/hliðs á Sandgerðisvegi. | 800.000 – 1.000.000 |
| 8 | Gatnamót Oddnýjarbrautar og Hólagötu. Setja upp spegil og hraðahindrur á Hólagötu. | 1.100.000 – 1.300.000 |
| 9 | Merkja bílastæði í Suðurgötu fyrir framan grunnskólann með skilti. Skoða öruggar gönguleiðir yfir bílastæðið. | 120.000 – 150.000 |
| 10 | Kaup á færانlegu hraðavaraskilti sem sýnir broskall við hraða innan marka og fylkall þegar hraði er utan marka. | 450.000 |
| 11 | Uppsetning gangbrautarskilda við gangbrautir þar sem þau vanta. Kostnaður pr. skilti. | 60.000 - 70.000 pr skilti |
| 12 | Göngustígur milli Túngötu 21 og 23 kemur út á Túngötu án viðvarana. Uppsetning gangbrautar og skiltis. Bæta lýsingu (bæta við einum ljósastaur). | 800.000 – 1.000.000 |
| 13 | Göngustígar milli Túngötu 11 og 13 annars vegar og Túngötu 12 og 14 hins vegar koma út á Túngötu án viðvarana. Uppsetning gangbrautar og skiltis. Snyrta gróður til að bæta sjónlengdir (gróður er á einkalóð). | 400.000 – 500.000 |
| 14 | Byggðavegur. Uppsetning skiltis sem sýnir leyfðan hámarkshraða 50 km/klst u.p.b. 100 m frá gatnamótum við Sandgerðisvegi. | 60.000- 70.000 |
| 15 | Samgöngustofa kanni notkun öryggisbúnaðar leikskólabarna í Sólborg árið 2017. | - |
| 16 | Hönnun og framkvæmd hringtorgs á gatnamótum Austurgötu og Hlíðargötu. Þar er blindhorn vegna girðingar. Hringtorg er á deliskipulagi. | 10.100.000 – 10.500.000 |

Samtals (fyrir utan lið 11): 23.290.000-25.440.000



Tafla 5.2: Önnur verkefni

| Verkefnislýsing | |
|-----------------|--|
| 1 | Átak í endurskinsmerkjanotkun meðal skólabarna. |
| 2 | Bílastæði leikskólans Sólborgar. Skipuleggja bílastæðið með betri merkingum og mögulegri fjölgun bílstæða. |
| 3 | Breikka út axlir á þjóðvegum að Sandgerði. Vegagerðin er veghaldari. |
| 4 | Endurbæta hraðahindranir. |
| 5 | Gatnamót Garðskagavegs, Tjarnargötu, Strandgötu og Vitatorgs – skýrari hönnun gatnamóta. (Færsla Strandgötu – 3. áfangi) |
| 6 | Gatnamót Sandgerðisvegs og Miðnesheiðarvegs. Setja veglýsingu og skoða bætta útfærslu gatnamótanna. |
| 7 | Gatnamót Vesturgötu, Austurgötu, Suðurgötu og Víkubrautar - skýrari hönnun gatnamóta. |
| 8 | Göngu- og hjólastígur milli Sandgerðis og Garðs. |
| 9 | Göngustígur meðfram Hafnargötu. |
| 10 | Göngustígur meðfram Sjávarbraut. |
| 11 | Göngustígur meðfram Strandgötu. Framlengja stíg frá slökkvistöð ca 240m. |
| 12 | Leiksvæði í botnlaga Hjallagötu. Bæta lýsingu á göngustíg út á Oddnýjarbraut. Setja upp gangbraut og gangbrautarskilti yfir Oddnýjarbraut við göngustíg. |
| 13 | Uppsetning hringtorgs á Sandgerðisvegi við Byggðaveg. |
| 14 | Uppsetning þrenginga eða upphækkaðra hraðahindrana við byrjun 30 km. gatna þar sem vantar. |



6

Niðurstöður

Slysagreining leiddi í ljós að umferðaröryggi í Sandgerði getur almennt talist mjög gott en það má alltaf úr bæta. Umræður samráðshóps bentu á staði þar sem slys geta hæglega orðið og betra er að bregðast við áður en slysin gerast.

Eftir stöðumat og greiningarvinnu var samráðshópur sammála um að leggja sérstaka áherslu á skólasvæðið, þá sérstaklega göngupveranir við skólasvæðið og útfærslu sleppistæðis á Sandgerðisvegi. Það svæði er hættusvæði og grunur er um hraðakstur þar.

Helstu markmið og áherslur sveitarfélagsins er varða umferðaröryggi eru að fækka slysum með meiðslum og ná tökum á hraðakstri. Gönguleiðir skólabarna eiga að vera öruggar og hvetja á fólk til að ferðast með vistvænum ferðamánum til vinnu og skóla.

Í framkvæmdaáætlun var verkefnum forgangsraðað og þau gróflega kostnaðarmetin. Alls voru ákveðin 16 verkefni og þeim raðað í forgangsröð, þar sem verkefni eitt er brýnast og svo koll af kolli. Áætlaður heildarkostnaður verkefna er 23.290.000-25.440.000 kr. Sú tala er fyrir utan upsetningu gangbrautarskiltta þar sem þau vantar, en kostnaður þess liðar er gefinn upp pr. skilti.

Áætlað er að tekið sé tillit til umferðaröryggisáætlunar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins og að áætlunin verði endurnýjuð eftir fjögur ár. Gert er ráð fyrir því að samráðshópurinn hittist tveimur árum eftir útgáfu þessarar umferðaröryggisáætlunar og fari yfir verkefnastöðu og nýjar ábendingar.



7

Heimildir

Dr. Haraldur Sigþórsson o.fl. 2013. *Núllsýn í umferðaröryggi*. Verktækni 2013/19.

Mannvit, Vegagerðin og Umferðarstofa. *Umferðaröryggisáætlun sveitarfélaga-Leiðbeiningar*. Janúar 2010

Reykjavíkurborg. 2006. *30 km hverfi í Reykjavík 1995-2004, greining á umferðaróhöppum*.

Samgönguráð. September 2015. *Samgönguáætlun 2015-2026, Greinargerð með tillögu samgönguráðs, DRÖG*.

Samgöngustofa. 2015. Minnisblöð um umferðaröryggi barna í bíl.

Samgöngustofa. Tölvupóstur 23.2.2016. Upplýsingar um slys árin 2011-2015 í Garði og Sandgerði.

Sandgerðisbær. Nóvember 2010. *Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024*

Vegagerðin. 2014. *Gönguþveranir, Leiðbeiningar*.

Vegagerðin. 2012. *Samgönguáætlun 2011-2022 – kynningarrit*.

Vegagerðin. 2010. *Pjóðvegir í þéttbýli, Leiðbeiningar*.

Vegagerðin og Gatnamálastofa. Janúar 2006. *Handbók um Yfirborðsmerkingar*



8

Viðhengi


Hönnunarleiðbeiningar - þéttbýlishlið

EF HÁMARKSHRADI ER 80 EÐA 90km/klst SKAL LÆKKA
HANN Í 70km/klst MED SKILTI 200–500m ÁÐUR EN
KOMÍÐ ER AD PÉTTBÝLISHLIÐI

KANTSTEIN MÁ EKKI SETJA Á VEG ÁN VEGLÝSINGAR.
LÝSA SKAL GÖNGUÞVERANIR SÉRSTAKLEGA.

SKILTI VIÐ PÉTTBÝLISHLIÐIÐ ERU STADSETT 250mm FRÁ
VEGÖXL, EN PÓ ALDREI NÆR AKREINABRÚN EN 750mm.

ÚTFÆRSLU PÉTTBÝLISHLIÐS SKAL
MÍÐA VIÐ AD LÖNG ÖKUTÆKI HÆGI
NIÐUR Í 30km/klst OG FÓLKSBÍLAR
Í 50km/klst.



PÉTTBÝLISHLIÐ – PVERSNIÐ

